MORGUNBLAÐIÐ, LAUGARDAGUR 18. OKTÓBER 1986 19

I ljósaskiptunum (Björg Þorsteinsdóttir)

nokkrum öldum og stóð lengi yfir.
Sem betur fer hafa gömlu aðferð-
irnar og handþrykkið komið aftur
á síðustu árum.
Tæknigaldrar hafa boðið heim
hvers konar meðalmennsku og
flatneskju, sem upp á vegg komin
virkar líkast andlausu veggfóðri er
tímar líða.
Það er hið mannlega og persónu-
lega, sem ber að stefna að á
tækniöld, en án þess að vanrækja
hina nýju tækni að neinu leyti.
Menn mega einfaldlega ekki varpa
hinu gamla og handfasta fyrir róða
— útrýma því líkt og Geirfuglin-
um...

Sumir vilja stöðugar breytingar
og heljarstökk frá einni sýningu til
annarrar en þá skal minnst orða
Henri Matisse: „Menn eiga aldrei
að reyna að vera frumlegir heldur
stöðugt halda sínu striki — eigi

maður einhvern frumleika til þá
kemur hann fram óþvingaður og
eðlilegur."

Þetta er einmitt svipað því sem
er broddurinn í framslætti Picasso

er hann sagði. „Ég leita ekki, held-
ur finn."

Þessir menn vissu hvað þeir voru
að segja enda höfðu þeir þumalfing-
urinn í pallettinu dag hvern og
rissblýið á lofti og höfðu enga þörf
fyrir að slá um sig með innantómum
slagorðum, sem líta vel út á yfir-
borðinu líkt og tæknilega vel gerð
mynd sem skortir innihald — blóð,
tár og svita ...

Ég fer hér ekki út í það að tíunda
einstakar myndir því þá yrði grein
mín of löng — en ég hef lagt áherslu
á að reifa ýmis mikilvæg atriði er
varða fortíðina, stöðuna í dag og
framtíðina.

fram einkenni svipaðs hugblæs, en
þær hafa ekkert með stælingar að
gera.
Þessum málurum og fleiri dýrk-
endum landslagsmálverksins í
sinni náttúrulegustu mynd hefur
Eyjólfur haft ríkuleg tækifæri til
að kynnast á söfnum í Dresden,
sem á þeim árum og þar til hún
var lögð í rúst í lok seinni heims-
styrjaldarinnar var ein undursam-
legasta listaborg veraldar —
háborg fágaðs handverks og völ-
undarsmíði í byggingarlist og
listiðnaði ásamt hvers konar hag-
leiks svo sem „Græna hvelfingin"
var og er til vitnis um — en hún
geymdi í rammgerðri umgerð fjár-
sjóði Ágústar sterka af Saxlandi.
Og Zwinger-listasafnið var engu
safni líkt í veröldinni fyrir fegurð
ytra sem innra og ótal listaverk
snillinga listasögunnar.

Ég minnist á þetta vegna þess
að ýmsar náttúrustemmningar
Eyjólfs J. Eyfells leiða huga minn
að skoðun þýskra listasafna vestan
tjalds sem austan og þá ekki síst
í Dresden. Hins vegar gekk Eyjólf-
ur ekki í gegnum þann stranga og
harða skóla er kostaði fjölmörg ár
viðkomandi hjá meisturum málara-
listarinnar, svo sem þessum miklu
listamönnum, er hrifu hann vísast
mest.

Eyjólfur varð því íslenzkt nátt-
úrubarn og um margt sjálflærður
í útfærslu myndefna sinna, enda
eru myndir hans ákaflega misjafh-
ar að gæðum, en jafnan skín úr
þeim flestum barnsleg einlægni,
sem er aðal þeirra og helstu sér-

kenni.
Eyjólfi tekst að mínu mati lang-
samlega best upp í einföldum
stemmningsríkum myndum, þar
sem honum lánast að forðast alla
væmni, og nefni ég hér máli mínu
til stuðnings og áréttingar auk
þeirra, sem ég hef þegar vísað til,
myndirnar „Þingvellir" (41), „Frá
Hafnarfírði" (46), „Úr Reykholts-
dal" (47), „Eiríksjökull" (67) og
„Frá Þingvöllum" (102).
Fjórar litlar myndir gerðar á
Spáni árið 1982 skera sig úr á
sýningunni fyrir það, hve bjart er
yfir þeim og pensildrættirnir leik-
andi léttir og lifandi (myndir nr.
54—57). Fleiri myndir frá sama
ári geta bent til þess, að listamað-
urinn hafí orðið fyrir sterkukm
hughrifum frá þessum tíma og
verið léttur í lund og hamingjusam-
ur.

Eyjólfur málaði það sem honum
fannst fallegt í náttúrunni og aðrir
báðu hann um að mála, er var
þeim hugstætt, en hann gerði það
á sinn eigin hátt, var hóglátur í
eðli sínu og tróð aldrei öðrum
málurum um tær, svo ég viti til,
sem er fágætur og virðingarverður
hæfileiki i þessu landi.
Það var gott að f á þessa sýningu
frá hálfu fjölskyldunnar, og hún
leggur á hendur sérfróðum þá
skyldu að gera list Eyjólfs J. Ey-
fells ítarlegri skil í vandaðri og
hnitmiðaðri samantekt, því að
þetta er vissulega ein hliðin á
íslenzkri list aldarinnar, sem á
fyllsta rétt á, að gaumur sé gefínn
og skipað sé til verðugs sætis.

Innrás Hoopers frá Mars
Kvikmyndir
Arnaldur Indriðason

lnnrásin frá Mars (Invaders
from Mars). Sýnd í Tónabíó.
Stjörnugjöf: * *

Bandarísk. Leikstjóri: Tobe
Hooper. Handrit: Dan O'Bannon
og Don Jacoby. Framleiðendur:
Menahem Golan og Yoram Globus.
Kvikmyndataka: Daniel Pearl.
Tónlist: Christopher Young. Helstu
hlutverk: Karen Black, Hunter
Carson, Timothy Bottoms og Lou-
ise Fletcher.

David (Hunter Carson) vaknar
við það eina nóttina að risastórt
geimskip lendir skammt frá heim-
ili hans. Pabbi (Timothy Bottoms)
og mamma (Laraine Newman)
trúa honum auðvitað ekki enda
David hugmyndaríkur strákur. En
um morguninn fer pabbi að athuga
málið og kemur aftur svolítið
skrítinn. Hann drekkur kollu af
brennheitu kaffi í botn án þess að
blikna. Og það er sár á hálsinum
á honum. Kennslukonan, frú
McKeltch (Louise Fletcher), er líka
með svona sár á hálsinum og er
afar viðskotaill. Svo fær mamma
sár á hálsinn og brátt eru allir í
kringum David komnir með sár og
hegða sér undarlega. Nema skóla-
hjúkkan (Karen Black) og hún og'
David komast að því að það hefur
geimskip frá Mars lent við litla
smábæinn þeirra og að marsbúar
eru gersamlega forljót kvikindi og
ill.

Þessi nýjasta mynd bandaríska
leikstjórans Tobe Hoopers, Innrás-
in frá Mars (Invaders from Mars),
sem sýnd er f Tónabíó, er endur-
gerð samnefndrar marsbúamyndar
frá 1953. Hana gerði William Cam-
eron og hún var líka um marsbúa

sem lenda á jörðinni, dáleiða fólk
og nota til að vinna fyrir sig
skemmdarverk.

Hooper leikstýrir mynd sinni í
anda geimvísindamynda sjötta ára-
tugarins og þó meira í stíl hasar-
blaðanna gömlu; setningarnar,
sem hrjóta af vörum persónanna
og margar sviðsetningar eru eins
og klipptar útúr teiknimyndablöð-
um, persónurnar eru ríkulega
skáldaðar og teiknimyndalegar
eins og vindiltyggjandi hershöfð-
inginn og ógnvænlega kennslukon-
an, sem David kemur einu sinni
að þegar hún er að troða upp í sig
frosk í tilraunastofu skólans.

Þótt myndin heiti á íslensku
Innrásin frá Mars á hún ekkert
skylt við vísindaskáldsögu H.G.
Wells um þrífætt stálskrýmsli, sem
tókst næstum að leggja heiminn i
rúst áður en kvefpestir lögðu þau
að velli. í mynd Hoopers eru það

ekki pestir heldur bandaríska land-
gönguliðið, sem vinnur bug á
marsbúunum í samræmi við
Rambóískan tiðarandann.
Tæknibrellurnar eru allar hinar
skemmtilegustu á að horfa og
marsbúarnir, sem eru lítið annað
en tennur á fjórum. fótum, eru
bæði hláturmildir og banvænir.
Innviðir geimskipsins eru dularfull-
ir og ævintýralegir eins og vera
ber þótt að utan líti það út eins
og ruslahaugur. Leikurinn er ekk-
ert til að hrópa húrra fyrir nema
hjá Louise Fletcher, sem gæðir
kennslukonuna sérlega illu lífi, og
spennan er líklegri til að negla
krakka í sætið en veraldarvanari
áhorfendur. Maður veit samt aldrei
hvort Hooper er að gera hér mynd
fyrir börn eða ekki. En hann er
örugglega að gera mynd fyrir þá
sem átu í sig hasarblöðin hér einu
sinni og fengu aldrei magafylli.

Um borð i geimskipinu frá Mars.

Munið opna húsið
í Háskóla íslands
á morgun, sunnudag, frá kl. 10.00—18.00. Alls verða 19 bygg-ingar opnar. — Allir velkomnir.
Háskóli íslands

Míel
SOLUSYNING

ídagkl. 10

í húsnœÖi JP innréttinga, Skeifunni 7.

Við kynnum hin eftirsóttu

Míel e eldhústæki.

Við sýnum keramikhelluborð, blást-
ursofna, örbylgjuofna, viftur, stjórn-
borð, uppþvottavélar, kæliskápa. Samræmt útlit. Heimsþekkt gæða-
vara.

Veldu

Miele
annaÖ er málamiÖlun

Einkaumboð á Islandi

[jQ JÓHANN ÓLAFSS0N & C0